


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02 2016	<b>ITM1136</b> <b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Ingimar Árnason	<b>Sk.st.</b>	ING
----------------	-----------------	---------------	-----

### Námslýsing:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að þekkja:

- Hornréttar fallmyndir, mælikvarða, strikagerðir teikninga, reglur um málsetningu, snið og skástrikun, skrúfgang og samsetningaeiningar, hrýfismerki og málvik, suðufúgur og suðutákn
- Meðhöndlun teikninga, merkingar og vistun
- Grundvallarreglur um gerð útflatningsteikninga
- Nokkra staðla sem notaðir eru við almennar véla- og smíðateikningar. Samsettar teikningar og íhlutalista þeirra
- Allar almennar aðferðir til að vinna fagteikningar svo og nauðsynleg áhöld og tæki sem nota þarf

### Áfangalýsing:

Nemendur eiga að öðlast þjálfun í lestri og gerð fagteikninga samkvæmt gildandi stöðlum og reglum um véla- og málsmíðateikningar. Nemendur fá undirstöðufærni í að lesa og vinna eftir teikningum á vinnustað. Þeir geta teiknað og útfært smíða- og lagnateikningar fyrir einstök verkefni. Teiknað samkvæmt stöðlum sem notaðir eru við almennar véla- og smíðateikningar: Lærð er grunnvinna með hornréttar fallmyndir, mælikvarða, strikagerðir, smíðsmíðaðar reglur um málsetningu, snið og skástrikun, skrúfgang og samsetningaeiningar, hrýfismerki, málvik, og suðutákn. Meðhöndlun teikninga, merkingar og vistun. Grundvallarreglur um gerð útflatningsteikninga. Unnið er í tölvum og grunnþekking þjálfuð í ACAD.


### Áfangamarkmið:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að geta:

- Lesið og teiknað almennar teikningar sem gerðar eru eftir gildandi stöðlum um teikningar
- Valið stærð teiknipappírs, staðsett teikningu, ákvarðað hæfilegan mælikvarða og aðra uppsetningu
- Sett inn nauðsynleg snið og málsett teikningu svo hún sé nothæf til að smíða eftir
- Teiknað stöðluð form fyrir staðlaða íhluti samkvæmt upplýsingum framleiðenda (legur, pakkningar, tannhjól o.s.frv.)
- Teiknað útflatninga af nokkrum þrívíðum formum, ma breytistykkjum úr sívölu í rétthyrnt
- Gert efnis- og tækjalista eftir teikningum

### Námsgögn:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	ITM113 Teiknifræði málmiðna (VMA) - Verkefni & Námsþættir - Jóhannes Óli Garðarsson –
Annað	Aðgangur að töflubók hjá kennara

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02 2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>ITM1136</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>

Vika	Áætlun um yfirferð	Verkefni
34	Kynning á námsefni, skipulagi náms og á notkun ACAD	
35	Fallmyndun og málsetning. Upprifjun	1
36	Málsetningaraðferðir	2 & 3
37	Snið, málsetning ofl.	4
38	Snið, málsetning og staðla-notkun	5
39	Staðlaðir prófilar og boltar	6
40	Suðutáknun – Tannhjól	7
41	Málvik-Handunnið verkefni (8) – Samsett mynd (9)	8 & 9
42	Strokkur: Hrífi-10 - Meginkerfi aðalvélar – Isometri	10 & 11
43	Útflatningur – 7-Búta rör	12
44	Útflatningur -- Misforma Tengir	13
45	Útflatningur – Misforma Ská Tengir	14
46	Útflatningur – Misforma Krossrör	15
47	Útflatningur -- Misstórt Ská-Hringa Tengir	16
48	Lokateikning	17

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Verkefnaskil	16 verkefni jafnt vægi. Kennari fer yfir verkefni gerir athugasemdir og gefur eink. Nemandi má lagfæra og skila verkefnum aftur til hækkunnar einkunnar.		90%
Lokateikning	Lokateikning valin í samráði við kennara		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<b>Annað:</b> Þetta er símats áfangi. Til að ljúka áfanganum þarf að skila a.m.k 14 verkefnum og standast skólasóknarreglur VMA.			

Dagsetning:

18 ágúst '16

Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

